

og allrar Ytri-Rangár ásamt fiskgengum ám og lækjum sem í Ytri-Rangá falla. Þriðja deildin nær til Þverár ofan ármóta hennar og Eystri-Rangár, ásamt fiskgengum lækjum sem í hana falla.

Skal hver deild sjá um ráðstöfun veiði fyrir það svæði, sem hún tekur yfir, með þeim takmörkunum, sem aðalfundur félagsins setur. Hver deild skal kjósa sér þriggja manna stjórn og aðra starfsmenn á grundvelli samþykktar þessarar og hafa skýrslur og greinargerðir tilbúnar þremur vikum fyrir aðalfund félagsins.

Aðalfundur deilda skulu haldnir í febrúar ár hvert.

10. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 21. janúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

10. janúar 1977.

Nr. 65.

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubílstjórafélagins Neista, Vestur-Skaftafellssýslu.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagins Neista, en það nær yfir Vestur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæðinu takmarkast við hámarks-töluna 15, sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagins Neista og sýslunefndar Vestur-Skaftafellssýslu.

3. gr.

Leiguakstur telst þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt ökumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar félagsins skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprílmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélag Vestur-Skaftafellssýslu viðtöku nýjum umsóknnum um afgreiðslu fyrir leigubifreiðar til vöruflutninga á félagssvæðinu. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða, er nægir til þess að fylla hámarkstölu 15.

Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, en án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framan-greindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Ennfremur tekur hún ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 10. janúar 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um grásleppuveiðar.**

1. gr.

Allar grásleppuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema að fengnu sérstöku leyfi sjávarútvegsráðuneytisins.

2. gr.

Leyfi til grásleppuveiða má veita bátum, sem eru 12 brúttólestir að stærð eða minni. Enn fremur bátum, sem eru stærri en 12 brúttórúmllestir, enda hafi þeir áður fengið slík leyfi og skýrslum verið skilað um veiðarnar.

Leyfi til grásleppuveiða getur ráðuneytið bundið þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

3. gr.

Óheimilt er án leyfis ráðuneytisins að nota við veiðarnar annan bát en þann, sem leyfi hefur fengið, t. d. til flutnings á afla.

4. gr.

Leyfi til grásleppuveiða skulu bundin við tilgreint veiðisvæði og veiðitímabil. Veiðisvæðin og veiðitímabilin eru þessi:

- A. Fyrir Suður- og Vesturlandi, frá línu réttvísandi suður frá Hvítungum að línu réttvísandi norður frá Horni er veiðitímabilið frá 25. apríl til 10. júlí.
- B. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi norður frá Skagatá er veiðitímabilið 1. apríl til 15. júní.
- C. Fyrir Norðurlandi frá línu réttvísandi norður frá Skagatá að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi er veiðitímabilið frá 20. mars til 5. júní.
- D. Fyrir Austurlandi frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi að línu réttvísandi suður frá Hvítungum er veiðitímabilið frá 25. mars til 10. júní.

Óheimilt er að leggja grásleppunet fyrir upphaf veiðitímabils og ávallt skulu öll net dregin úr sjó fyrir lok veiðitímabils.

Ráðuneytinu er heimilt í veiðileyfi að takmarka veiðisvæði og veiðitíma enn frekar en gert er í reglugerð þessari.

5. gr.

Öll grásleppuhrogn skulu söltuð í vinnslustöð í landi, sem viðurkennd hefur verið af Framleiðslueftirliti sjávarafurða. Öll söltun á grásleppuhrognum um borð í bátum er óheimil.